



Framboðsfrestur er til 1. febrúar 2019!

Þeir félagsmenn sem vilja gefa kost á sér til embættis eða trúnaðarstarfa sem kosið verður í á aðalfundi Félags íslenskra náttúrufræðinga í mars næstkomandi skulu tilkynna stjórn FÍN um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk.** Framboð skal tilkynna með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#). Ekki er hægt að bjóða sig fram á sjálfum aðalfundinum.

Frestur til að skila inn lagabreytingartillögum er til 1. febrúar 2019!

Tillögur félagsmanna um breytingar á lögum félagsins skulu hafa borist stjórn félagsins fyrir **1. febrúar nk.** Félagsmenn skulu senda inn lagabreytingartillögur á netfangið fin@bhm.is.

Félagsmenn eru hvattir til að kynna sér [lög](#) félagsins, [reglur Kjaradeilusiðs FÍN](#) og [starfsreglur siðanefndar FÍN](#).

Skrifstofa FJN er að
Borgartúni 6, 3. hæð
105 Reykjavík

Opið alla virka daga frá kl.
09:00-12:00 og
13:00-16:00

Sími: 595-5175
Farsími: 864-9616
Netfang: fin@bhm.is
Veffang: www.fin.is

Starfsmenn á skrifstofu:

Marianna H. Helgadóttir
Formaður og
framkvæmdastjóri

Runólfur Vigfússon
Verkefnastjóri

Bergdís Linda Kjartansdóttir
Sérfræðingur

Útgefandi: FJN

Ábyrgðamaður:
Marianna H. Helgadóttir

Upplag:
Netútgáfa

Embætti og trúnaðarstörf í kjöri á aðalfundi

Eftirfarandi embætti og trúnaðarstörf eru í kjöri á næsta aðalfundi og eftirfarandi aðilar eru að ljúka 2ja ára kjörtímabili. Ekki liggur fyrir hvort eftirtaldir aðilar muni gefa kost á sér að nýju, en vilji eftirfarandi aðilar gefa kost á sér þá þurfa þeir eins og aðrir félagsmenn að tilkynna um framboð sitt fyrir **1. febrúar nk.** með því að fylla út eftirfarandi [eyðublað](#).

Stjórn:

Varaformaður FJN: Þorkell Heiðarsson, Reykjavíkurborg

Meðstjórnendur:

Ína Björg Hjálmarsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Sigurlaug Skírnisdóttir, Matís

Sævar Ingþórsson, Háskóla Íslands

Stella Hrönn Jóhannsdóttir, Heilbrigðiseftirliti Suðurlands

Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kópavogsbæ

Kári Gunnarsson, Sjálfstætt starfandi

Ásdís Benediktsdóttir, Íslenskum orkurannsóknnum

Sigurlaug María Hreinsdóttir, Háskóla Íslands

Fulltrúi trúnaðarmanna: Björg Helgadóttir, Reykjavíkurborg *

*kosning fer fram á starfsdegi trúnaðarmanna en ekki á aðalfundi félagsins

Stjórn Kjaradeilusjóðs: *

Aðalmenn:

Kristjana Bjarnadóttir, Landspítala - Blóðbanka

Bergljót Sigríður Einarsdóttir, Kópavogsbæ

*Jafnframt sitja í stjórn Kjaradeilusjóðs, eftirtaldir aðalmenn: formaður FJN og gjaldkeri FJN og varamenn: varaformaður FJN og ritari FJN.

Siðanefnd:

Aðalmenn:

Marta Guðjónsdóttir, Reykjalundi

Freygerður Jóhanna Steinsdóttir, Landspítala - Blóðbanka

Varamaður:

Jóna Freysdóttir, Landspítala

Aðalfundur 2019

Stjórn félagsins hefur ákveðið að aðalfundur félagsins verði haldinn 28. mars 2019, kl. 14 að Borgartúni 6, 4. hæð. Félagsmenn eru hvattir til að mæta á fundinn.

Framboð til embætta og trúnaðarstarfa og tillögur um lagabreytingar sem berast félaginu fyrir 1. febrúar nk. verða kynntar félagsmönnum í aðalfundarboði.

Staða kjarasamninga

Það hefur varla farið framhjá félagsmönnum að framundan eru kjarasamningaviðræður, en kjarasamningar félagsins við ríki, sveitarfélög og Reykjavíkurborg renna út 31. mars nk. Undirbúningur kröfugerða fyrir hvern viðsemjanda eru á lokastigi og gengið verður frá viðræðuáætlunum við hvern og einn viðsemjanda næstu daga. Þess ber að geta að ýmislegt hefur gerst á samningatíma kjarasamninga og eftirfarandi vinna hefur meðal annars verið í gangi hjá félaginu á gildistíma kjarasamninga:

Kjarasamningur FÍN og Sambands íslenskra sveitarfélaga

Á samningstímanum hefur verið unnið að innleiðingu starfsmats hjá Sambandi íslenskra sveitarfélaga. Áætlanir voru um að ljúka þeirri vinnu fyrir lok sl. árs, en þeirri vinnu hefur seinkað enn á ný og nú er áætlað að ljúka þeirri vinnu um eða eftir næstu mánaðamót. Upplýsingar um niðurstöðu innleiðingar starfsmatsins munu verða sendar félagsmönnum þegar innleiðingu starfsmatsins er formlega lokið.

Kjarasamningur FÍN og Reykjavíkurborgar

Á samningstímanum átti að skoða það hvort félagsmenn hjá Reykjavíkurborg ættu alvarlega að skoða það að taka upp starfsmat Reykjavíkurborgar, sem er nokkuð sambærilegt starfsmat og verið er að innleiða þessa dagana hjá sveitarfélögunum. Sú skoðun hófst á síðari hluta þarsíðasta árs, en þeirri skoðun var frestað og ákveðið að hefja þá vinnu að nýju þegar niðurstöður myndu liggja fyrir vegna innleiðingar starfsmats hjá sveitarfélögunum. Sú skoðun mun því líklega verða sett í gang að nýju mjög fljótlega.

Kjarasamningur FÍN og ríkisins

Á samningstímanum hefur félagið unnið stíft að endurskoðun stofnanasamninga hjá stofnunum ríkisins, en meginmarkmið þeirrar endurskoðunar var m.a. að innleiða menntunarákvæði gerðardóms sem tóku gildi 1. júní 2016. Ennþá á eftir að endurskoða töluvert marga stofnanasamninga og mun sú vinna því halda áfram á árinu 2019, þrátt fyrir lausa kjarasamninga.

Kjarasamningur FÍN og Samtaka atvinnulífsins (SA)

Kjarasamningur FÍN og SA er ekki laus, heldur gildir hann þar til nýr hefur verið gerður. Engin ákvörðun hefur verið tekin af aðildarfélögum BHM, sem standa sameiginlega að þeim kjarasamningi, hvenær óskað verður eftir endurskoðun á honum.

Stuðningur ykkar er okkar vopn!

Ég hvet félagsmenn til að fylgjast vel með hverju framvindur í kjaraviðræðunum félagsins og mæta til félagsfunda sem verða boðaðir vegna kjaraviðræðna. Það er mikilvægt að félagsmenn sýni samninganefnd félagsins stuðning í verki þegar félagsfundir eru boðaðir. En félagsfundir eru ekki boðaðir nema rík ástæða sé til.

Það er aldrei of oft áréttað að stuðningur félagsmanna við samninganefnd félagsins skiptir sköpum í baráttu okkar fyrir bættum kjörum náttúrufræðinga. Við erum aldrei sterkari en veikasti hlekkurinn í keðjunni.

Ég mun setja inn fréttir af framvindu kjaraviðræðna inn á vefsvæði [FÍN](#) og á facebook síðu félagsins. Félagsmenn eru hvattir til að deila þeim upplýsingum hverju sinni eigi það við.

Með baráttukveðjum,
Maríanna H. Helgadóttir, formaður

Vísindasjóður FÍN—Frestur til 31. janúar

Almennur umsóknarfrestur um styrk úr Vísindasjóði FÍN er frá **1. desember 2018 til 31. janúar 2019**. Umsóknir sem berast frá og með 17. desember 2018 til 31. janúar 2019 verða afgreiddar í byrjun febrúar 2019. Allir styrkir verða afgreiddir eigi síðar en 4. febrúar 2019, svo fremi að allar upplýsingar liggi fyrir.

Styrkurinn fyrir árið 2018 verður 165.000 kr. miðað við 100% starfshlutfall á tímabilinu 1. nóvember 2017 til 31. október 2018 og verður styrkurinn lagður inn á reikning umsækjanda.

Í kjarasamningi Reykjavíkurborgar og FÍN sem undirritaður var þann 21. desember 2015 var iðgjald í Vísindasjóð FÍN vegna félagsmanna FÍN sem starfa hjá borginni hækkað úr 1,5% í 1,6%. Vísindasjóðsstyrkur til félagsmanna sem starfa hjá Reykjavíkurborg verður því 176.000 kr. fyrir árið 2018, í samræmi við hækkun iðgjalda frá vinnuveitanda.

Sækja skal um styrkinn rafrænt á heimasíðu FÍN - [Mínar síður](#)

Rétt til úthlutunar úr sjóðnum hafa sjóðsfélagar sem hafa greitt í sjóðinn. Greitt er í sjóðinn fyrir þá aðila sem þiggja laun samkvæmt kjarasamningi Reykjavíkurborgar og Sambandi sveitarfélaga. Ríkisstafsmenn eiga ekki rétt úr sjóðnum. Á almennum markaði er hægt að semja um það í ráðningarsamningi að greitt sé í Vísindasjóð FÍN og þá getur sá hinn sami sótt um styrk úr sjóðnum.

Ef þú veist ekki hvort þú eigir rétt á styrk úr Vísindasjóði FÍN er best að fara inn á mínar síður og kanna það. Sjáir þú þar hnapp sem heitir Vísindasjóður þá áttu mögulega rétt úr sjóðnum. Ef enginn hnappur er sýnilegur þá áttu ekki rétt á greiðslum úr Vísindasjóði.

Engin gögn þurfa að fylgja umsókn og hægt er að fylgjast með vinnslu umsóknar á mínum síðum. Nánari upplýsingar um Vísindasjóð FÍN eru á vefsvæði [FÍN](#).

Ef upp koma vandamál þegar sótt er um styrkinn þá vinsamlegast hafið samband við skrifstofuna í síma 595-5175 eða sendið tölvupóst á netfangið fin@bhm.is.

Mannabreytingar á skrifstofu félagsins

Bergdís Linda Kjartansdóttir hefur verið ráðin sem sérfræðingur hjá félaginu, en hún hóf störf í upphafi árs sem sérfræðingur í kjaramálum á skrifstofu FÍN.

Bergdís er með BA próf í íslensku, próf í uppeldis- og kennslufræðum og meistaraþáttu í mannauðsstjórnun frá Háskóla Íslands. Hún hefur töluverða reynslu af mannauðs- og kjaramálum á opinberum markaði þar sem hún starfaði m.a. sem sérfræðingur á mannauðssviði hjá Tollstjóra í tíu ár og þar áður sem framhaldsskólakennari.

